

Ný ríkisstjórn – pistill 11 jan. 2017

BB beitir nú brellu Ólafs Thors og gleypir flokka tvo. En það gerði ÓT einmitt við Alþýðuflokkinn og Nasistaflokkinn. En þá er hvorki flokkur né stjórnmalamaður á Alþingi Íslendinga, sem lofar þroska þegnanna og hæfni til að stjórna sjálfum sér - og beitir sér þess vegna í þágu þess málstaðar að snarminnka auðsýnda forsjárhyggju í umræðum, lögum og reglugerðum og setja valdi Alþingis skorður. Katrín er afar heillandi og trúlega dugleg, en eins og hver önnur Alþingismóðir, sem veit, hvað mér (og ykkur hinum) er fyrir bestu. Slík viðhorf myndbirtast ævinlega í fleiri lögum og reglugerðum, fleiri réttindum og auknum útgjöldum. Það er komið verulegt slit í vasa mína, eftir feiknlega gjald- og skattheimtu hennar líka á Alþingi. En þessi ríkisstjórn lofar nákvæmlega því sama og Katrín og félagar hefðu lofað; meira af hinu og þessu handa fleirum og fleirum. Hún hefði vafalítið dælt enn þá meira fjármagni í óseðjandi heilbrigðiskerfisófreskjuna (sérstaklega Landsspítalann við Hringbraut) og stungið enn þá stærri dúsu að menntakerfinu - án nokkurn tíma að láta hugann hvarla að þeim viðhorfum og forsendum, sem liggja þessum kerfum til grundvallar. Meiri fjármunir leysa ekki vandann - heldur öðruvísi skilningur á ábyrgð.